

úrskurðinum óraskað. Málskostnaður fyrir yfir-  
felltur niður. Skipuðum málflytningumanni áfrýj-  
anda, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutnings-  
manni, greiðist 30 kr. í málflytningu-laun af al-  
mannafé.

Mánudaginn 24. nóvember 1919.

Nr. 58/1919:

Valdstjórnin

gegn

Jóni G. G. Péturssyni.

#### D ó m u r :

Mál þetta hefir verið höfðað af hálfu valdstjórn-  
arinnar gegn kærða Jóni Guðna Gunnari Péturssyni  
fyrir brot á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917 um notkun  
bifreiða og lögreglusamþykkt Reykjavíkur 19. apríl  
1919, og var hann með lögregluréttardómi Reykja-  
víkur, uppkveðnum 8. sept. þ á, dæmdur í 200 kr.  
sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur. Svo var hann og  
dæmdur til að greiða Leifi verslunarmanni Sigurðs-  
syni Laufásveg 27 800 kr. í skaðbætur og allan af  
málinu leiðandi kostnað.

Dómi þessum er skotið til yfirdómsins eftir ósk  
hins kærða.

Hinn 25. júlí þ. á. að kvöldi ók kærði á bifhjólum um Laugaveg, og er hann var kominn inn undir Mjólni rakst hann á Leif Sigurðsson verslunararmann Laufásveg 27, sem kom á móti honum á stíghjólum. Við áreksturinn féllu báðir hjólamennirnir til jarðar og hlaut Leifur Sigurðsson talsverð líkamsmeiðsl af árekstrinum. Kærði hefir eigi viljað viðurkenna að áreksturinn hafi verið sér að kenna, en í málinu er það sannað með eiðfestum framburði fjöggra vitna, að hann hafi ekið hægra megin á götunni, er áreksturinn varð, og verður, eftir því sem fram er komið í málinu, eigi séð að þrengslum á götunni hafi verið um að kenna. Það verður því að telja löglega sannað, að kærði hafi brotið á móti fyrirmælum 7 gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917, sbr. 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur 19. apríl 1919 og þar með hafi orðið valdur að árekstrinum.

Kærði kveðst hafa lært að fara með bifhjól og tekið próf hjá bifreiðarstjóra en kannast hins vegar við, að hinn 25. júlí þ. á. hafi hann ekki verið búinn að fá ökuskipteini, er hafi heimilað honum að stýra bifreið, og hefir hann þá einnig gerst sekur um brot gegn 5. gr. fyrnefndra laga sbr. 48 gr. lögreglusamþykktarinnar. Fyrir þessi brot verður kærði að sæta refsingu og þykir hún hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi 200 kr. sekt, og rennur hún í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Samkvæmt læknisvottorði, sem lagt hefir verið fram í málinu, hefir Leifur Sigurðsson við áreksturinn handleggsbrotnað, meiðst mikið á baugfingri á

hægri hendi og fengið nokkra áverka á hægri fæti. Hefir hann í málinu gert skaðabótakröfu á hendur kærða fyrir læknishjálp, vinnutjón, sviða og skemdir á fötum og hjóli, að upphæð samkvæmt framlögðum reikningi 1000 kr., en undir rekstri málsins hefir hann fært kröfu þessa niður í 800 kr. Kærði hefir fengið tækifæri til þess að segja álit sitt um kröfu þessa; hefir hann samþykkt hana og talið hana sanngjarna, og ber því svo sem lögreglurétturinn hefir gert, að taka hana til greina, og dæma kærða til að greiða Leifi Sigurðssyni 800 kr. í skaðabætur. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði undirdómsins um málskostnað ber að staðfesta hann.

Kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefir verið vitalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði Jón G. G. Pétursson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Sveins Björnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Ídæmdar skaðabætur greiðist innan 8 vikna

frá lögbirtingu dómsins og honum að öðru leyti  
að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. nóvember 1919.

Nr. 48/1919: Björn Bjarnarson  
gegn  
Þórði Guðmundssyni.

D ó m u r:

Pegar mál þetta var þingfest í gestarétti Gullbringu og Kjósarsýslu að Lágafelli 11. okt. f. á., mætti stefnandi, Þórður hreppstjóri Guðmundsson, eigi í réttinum, en sendi í sinn stað Jón Ásbjörnsson yfirréttarmálaflutningsmann í Reykjavík. Stefndi Björn hreppstjóri Bjarnarson mætti sjálfur, og gerði dóm- arinn gegn mótmælum hans tilraun til að setta hann við umboðsmann stefnanda, en það varð ár- angurslaust Nú hefur Björn Bjarnarson skotið dómi gestaréttarins í málinu, er upp var kveðinn 25. marz þ. á., til yfirdómsins með stefnu dags. 15 ág. f. á.

Í tilskipun um sættastiptanir 20. jan. 1797, 25. gr., er það bannað að senda málflytningmann í sinn stað til að túlka mál fyrir sáttanefnd, og verður þetta fyrirmæli eftir eðli sínu að eiga jafnt við um sættatilaun fyrir gestarétti. Sáttatilaunin í máli þessu verður því að teljast ólögleg, og verður þá ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa